

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtum verðskerðingargjöldum sérgreindum og skal gjöldunum varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. desember 1995 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1996. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. október 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásgarð 2-40, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. september 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi fyrir Ásgarð 2-40 sem staðfest var 27. febrúar 1992.

Breytingin er fölginn í því að verslunarhúsnæði að Ásgarði 22 er breytt í íbúðarhúsnæði, íbúðum að Ásgarði 22, 24 og 24A er fjölgað og fyrirkomulagi bílastæða fyrir Ásgarð 18-24A er breytt.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.